

## AUGLÝSING

### um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

*Langitangi, Bogatangi og Skeiðholt – Hringtorg.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að á gatnamótum Langatanga, Bogatanga og Skeiðholts er gert ráð fyrir hringtorgi og fjórum gönguþverunum. Deiliskipulagsmörk gildandi skipulags stækka því utan um gatnamótin. Gildandi skipulag var staðfest 18. janúar 2011. Annað í skipulaginu er óbreytt.

*Lækjarhlíð – Bílastæði við Hulduhlíð.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér fjölgun bílastæða við leikskólann Hulduhlíð. Bílastæðin bætast við syðst á reit. Hraðahindrun er skilgreind í Lækjarhlíð. Gildandi skipulag var staðfest 27. apríl 2005. Annað í skipulaginu er óbreytt.

*Klapparhlíð – Leikvöllur.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að festa í skipulagi að nýju leikvöllur við Klapparhlíð á stað sem skilgreindur er fyrir færanlegar kennslustofur. Hlíðrun er á göngustíg næst bílastæðum Hulduhlíðar. Gildandi skipulag var staðfest 12. júlí 2013. Annað í skipulaginu er óbreytt.

*Bogatangi – Grenndargámasvæði.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér endurhönnun á svæði sem nú er skilgreint sem almennt stæði fyrir stóra bíla. Svæðið hlýtur nýja notkun sem grenndargámastöð fyrir flokkun og endurvinnslu. Skammtíamastæði eru við gáma en önnur bílastæði verða fjarlægð. Gildandi uppdráttur var staðfestur 28. apríl 1993. Annað í skipulaginu er óbreytt.

*Álafosskvos – Göngubrú yfir Varmá.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun skipulagsmarka deiliskipulags við Álafosskvos til suðurs næst Helgafellsvegi 10. Ný göngubrú er skilgreind sem þverar Varmá og tengir göngustíg við Stekkjarflöt. Gildandi skipulag var staðfest 10. júní 2009. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 25. janúar 2021,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2021